

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

4. febrúar 2013
Tilvisun: 2013010239/10.4

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, 501. mál.

Fjármálaeftirlitið visar til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar 11. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 501. mál, sem og síðari samskipta. Fjármálaeftirlitið telur tilefni til að koma að frekari athugasemdum um frumvarpið sem snúa sérstaklega að nýjum orðskýringum í b. lið 1. gr. frumvarpsins um endurverðbréfun.

Í b. lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki bætist nýjar orðskýringar, í 15. og 16. tölul. um endurverðbréfun, svohljóðandi:

- *Endurverðbréfun* (e. re-securitisation): Verðbréfun þar sem áhætta tengd undirliggjandi safni **áhættukrafna** er lagskipt í hluta og að lágmarki ein undirliggjandi **áhættukrafa** er verðbréfuð staða.
- *Endurverðbréfuð staða* : **Áhætta** vegna endurverðbréfunar.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að orðskýringarnar komi úr a. lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2010/76/ESB en tilskipunin er innleidd í íslenskan rétt með þessu lagafrumvarpi. Tilskipunin bætir m.a. við nýjum orðskýringum í a. og b. lið 40. liðar 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB sem eru svohljóðandi:

- "re-securitisation" means a securitisation where the risk associated with an underlying pool of **exposures** is tranced and at least one of the underlying exposures is a securitisation position;
- "re-securitisation position" means an **exposure** to a re-securitisation;

Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við framangreindar þýðingar á orðskýringum um endurverðbréfun og telur þýðingu á orðinu "exposure" ekki vera rétta. Lagt er til að skipta út orðunum "áhættukrafa" og "áhætta" fyrir orðið áhættuskuldbinding, enda sé það í betra samræmi við hugtakanotkun í lögum um fjármálafyrirtæki, sbr. t.d. 3. mgr. 29. gr. og 4. mgr. 30. gr. laganna. Orðskýringarnar yrðu því svohljóðandi:

- *Endurverðbréfun* (e. re-securitisation): Verðbréfun þar sem áhætta tengd undirliggjandi safni **áhættuskuldbindinga** er lagskipt í hluta og að lágmarki ein undirliggjandi **áhættuskuldbinding** er verðbréfuð staða.
- *Endurverðbréfuð staða* : **Áhættuskuldbinding** vegna endurverðbréfunar.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Með vísan til framangreinds bendir Fjármálaeftirlitið á að ástæða kunnri að vera til þess að taka hugtakið "verðbréfun" (e. securitisation) í 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki einnig til nánari athugunar.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Berglind Helga Jónsd.
Berglind Helga Jónsdóttir